

Föstudaginn 1. október 1982.

Nr. 164/1982. **Ástríður H. Jónsdóttir**  
og  
**Guðbrandur Ingólfsson**  
gegn  
**Ýtutækni h/f.**

Útivistardómur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Ástríður H. Jónsdóttir og Guðbrandur Ingólfsson, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 200.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

---

Föstudaginn 1. október 1982.

Nr. 240/1981. **Ákærvaldið**  
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)  
gegn  
**Bjarna Sigurði Jóhannessyni**  
(Benedikt Blöndal hrl.).

Fjárdráttur. Brot í opinberu starfi. Íkveikja. Almannahættubrot. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og settir hæstaréttardómarar Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Rúnar Mogensen, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu til refsibýngingar með stefnu 6. nóvember 1981, en ákærði vildi una dómnum. Ágrip barst Hæstarétti 14. maí 1982.

Af hálfu ákæruvalds er fallið frá vísun til 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978, um III. og IV. ákærulið. Ákæruvald krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur, þó svo, að refsing verði þyngd.

Verjandi hefur uppi þá kröfu, að vægari refsing verði dæmd en í héraðsdómi.

Sakargögnum er lýst í héraðsdómi.

### I. Ákæra um fjárdrátt.

Ákærði hefur með vissu gengist við að hafa dregið sér fé, sem nemur 1.587.300 gömlum krónum, af fé því, er hann fékk í hendur sem starfsmaður Bergiðjunnar og átti að standa skrifstofu ríkisspítalanna skil á. Bókhaldskönnun ríkisendurskoðunar leiddi í ljós sjóðþurrð, er nam 1.044.810 gömlum krónum. Í skýringum við endurskoðunarskýrsluna greinir, að ýmis fylgiskjöl séu brunnin, og gefið er til kynna, að ýmis önnur gögn vanti, einkum frá júlímánuði. Kemur það heim og saman við skýrslu ákærða um meðferð á reikningsgögnum. Af sakargögnum er ljóst, að ákærði dró sér til viðbótar því fé, er greinir í endurskoðunarskýrslu, 80.000 gamlar krónur í maí og júní 1978. Varhugavert þykir að telja hann sannan að sök um frekari fjárdrátt þrátt fyrir játningu hans.

Gögn um ráðningu ákærða til starfa hans hjá Bergiðjunni, sem rekin er af Kleppsspítalanum, eru eigi jafnrækileg og skyldi. Er hann talinn hafa verið ráðinn til óákveðins tíma til flokksstjórarstarfs þess, er hann gegndi. Laun hans voru ákveðin eftir kjarasamningi BSRB við ríkið og goldin úr ríkissjóði. Honum var falin talsvert umfangsmikil fjárum-sýsla í þessu opinbera fyrirtæki, þótt hann væri ófjárráða, andstætt því, er greinir í 6. tölulið 3. gr. laga nr. 38/1954. Þegar þessa er gætt, þykir varhugavert að beita ákvæði 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um atferli ákærða, sem varðar eingöngu við 1. málsgr. 247. gr. nefndra laga.

## II. Ákæra um brennubrot.

Samkvæmt sakargögnum gerðist ákærði sekur um að leggja af ásetningi eld í hús Bergiðjunnar. Var miklu tjóni valdið með bruna þessum, og samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, er viðgerðarkostnaður talinn hafa numið 145.519.00 nýkrónum. Húsið er í grennd við ýmis önnur hús, þ. á m. geðsjúkrahús. Var ákærða, sem starfaði í húsinu, kunnugt um, að í því voru geymd eldfim efni, en við íkveikjuna notaði hann mjög eldfimt efni, sem sprengihætta stafaði frá samkvæmt því, er fram kemur í gögnum málsins. Atferli ákærða er í héraðsdómi réttilega fært til 1. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga.

## III. Ákæra um ölvun við akstur.

Brot ákærða varðar hann refsingu skv. 1. og 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976.

## IV. Refsing og önnur viðurlög.

Ákærði var 19 ára, er hann framdi brot þau, sem hann er dæmdur fyrir í dómi þessum. Eigi var rétt að fela honum fjárreiður þær og fjárskil, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi. Milli fjárdráttarbrotisins og íkveikjunnar eru bein tengsl, enda verður að leggja frásögn ákærða til grundvallar um hvatann að síðara brotinu. Ákærði hefur innt af hendi 1.124.810 gamlar krónur til skrifstofu ríkisspítalanna til endurgreiðslu á fjárdrættinum. Hann kom af sjálfsdáðum til lögreglu og skýrði frá fjárdráttarbroti sínu, og síðar sama dag greindi hann frá því, að hann væri valdur að brunanum í Bergiðjunni, en hann þrætti þó í fyrstu fyrir að hafa fram-ið það brot.

Ákærði sætti tveimur dómum, 3. og 4. febrúar 1982, fyrir ölvun við akstur í eitt skipti og fyrir akstur bifreiðar án gilds ökuleyfis (tvö brot).

Svo sem greinir í héraðsdómi, sætti ákærði dómi 15. febrúar 1980 fyrir ölvun við akstur, og var það brot framið 26. desember 1978. Refsingu ákærða ber að ákveða með vísan til 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Með sér-

stakri hliðsjón af ungum aldri ákærða og atvikum máls að öðru leyti þykir refsing hans með vísan til 57. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. 9. gr. laga nr. 101/1976, hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi óskilorðsbundið og að auki 12 mánaða fangelsi, en fresta skal fullnustu þess hluta refsingar, og falli hún niður að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdómara um sviptingu á rétti ákærða til að öðlast ökuleyfi ævilangt svo og um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 8.000.00 krónur.

Það athugast, að faðir ákærða var yfirheyrður fyrir rannsóknarlögreglu hinn 26. mars 1980, án þess að honum væri bent á rétt sinn til að skorast undan skýrslugjöf, sbr. 89. gr. laga nr. 74/1974, sem hér á við fyrir lögjöfnun. Þá var hann eiðfestur, er hann gaf skýrslu fyrir sakadómi Kópavogs hinn 25. mars 1981. Bróðir ákærða, er bar vætti í málinu í sakadómi Kópavogs sama dag, var einnig eiðfestur. Eigi var rétt að heitfesta þá.

#### D ó m s o r ð :

Ákærði, Bjarni Sigurður Jóhannesson, sæti 3 mánaða fangelsi. Þá sæti hann enn fremur 12 mánaða fangelsi, en fresta skal fullnustu þeirrar refsingar, og fellur hún niður að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, verður haldið.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu á rétti ákærða til að öðlast ökuleyfi svo og um sakarkostnað eiga að vera öröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar,

þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Benedikts Blöndal hæstaréttarlögmanns, 8.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### **Dómur sakadóms Kópavogs 12. október 1981.**

Mál þetta, sem dómtekið var 2. október sl., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 12. nóv. 1980, á hendur „Bjarna Sigurði Jóhannessyni, Kópavogsbraut 90, Kópavogi, fæddum 16. desember 1958 í Reykjavík, fyrir eftirgreind brot framin á árinu 1978:

#### **I. Fjárdráttur.**

Ákærða er gefið að sök að hafa sem starfsmaður ríkisspítalanna dregið sér fé á tímabilinu frá og með maí til nóvember úr sjóði Bergiðjunnar, vinnustofu Kleppsspítalans í Reykjavík, samtals allt að kr. 1.677.300, sem ákærði hagnýtti í eigin þágu, en ákærða var í starfi sínu m. a. falið að annast sölu á framleiðslu vinnustofunnar og gera mánaðarlega skil á innkomnu fé til skrifstofu ríkisspítalanna. Ákærði leyndi fjádrætti sínum um hver mánaðamót, ýmist með því að láta hjá líða að senda skrifstofu ríkisspítalanna mánaðaruppgjör og faldi þá eða eyðilagði nótur og fylgiskjöl, er sýndu, hvað selt hafði verið í viðkomandi mánuði, eða með því að greiða hina dregnu fjárhæð til baka, áður en hann gerði skil við skrifstofu ríkisspítalanna.

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr., sbr. 138. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

#### **II. Brenna.**

Málið er ennfremur höfðað gegn ákærða fyrir að hafa aðfaranótt laugardagsins 2. desember, um kl. 02, kveikt í ofangreindri vinnustofu Kleppsspítalans, Bergiðjunnar, sem er einnar hæðar steinbygging skammt austan við spítalann, með því að skvetta eldfimu hreinsiefni (acetón) á húsgögn og gólf í skrifstofuherbergi og á gang framan við það og bera síðan eld að í því skyni að eyðileggja bókhaldsgögn vinnustofunnar og afmá með þeim hætti ummerki fjádráttarins, sem lýst er hér að framan, en ákærði hraðaði sér á brott, eftir að eldur varð laus.

Eldinn tókst að slökkva um kl. 0330 um nóttina og hafði þá

breiðst út um húsið og valdið miklum skemmdum á því og húsbúnaði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga.

### III. Ölvunarakstur.

Þá er ákærða gefið að sök að hafa umrædda nótt ekið bifreiðinni Þ 589 undir áhrifum áfengis og að hafa neytt áfengis við aksturinn frá Hlaðbrekku 5 í Kópavogi um götur þar í kaupstaðnum og í Reykjavík og síðan inn að Sundahöfn þar í borg og loks að afloknum framangreindum verknaði, sem lýst er í II. lið, ekið frá Sundahöfn að Æsufelli 4.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Við munnlegan flutning málsins 2. október sl. féll sækjandinn frá kröfu sinni um, að ákærði yrði dæmdur til ökuleyfissviptingar, en gerði þá kröfu þess í stað, að ákærði yrði sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi skv. 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

Skipaður verjandi ákærða, Benedikt Blöndal hæstaréttarlögmaður, hefur gert þær dómkröfur, að ákærði verði dæmdur í væga refsingu og sakarkostnað, og jafnframt hefur hann krafist málsvarnarlauna sér til handa að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

### I. Fjárdráttur.

Ákærði, Bjarni Sigurður Jóhannesson, byrjaði að vinna við Kleppsspítalann í Reykjavík vorið 1975. Vann hann af og til ýmiss konar störf við spítalann, svo sem við vélgæslu og aðstoð við iðnaðarmenn. Frá 1. júlí 1976 til 31. mars 1977 og frá 2. desember 1977 til 22. desember 1978 var ákærði flokksstjóri við Bergiðjuna við Kleppsspítalann, en Bergiðjan er ríkisfyrirtæki, rekið af skrifstofu ríkisspítalanna. Fékk ákærði greidd laun skv. 6. launaflokki BSRB. Hafði hann fyrst til að byrja með með höndum eftirlit með vinnu endurhæfingarsjúklinga, er störfuðu við framleiðslu á ýmiss konar byggingareiningum, en smám saman færðust dagleg fjármál Bergiðjunnar yfir á ákærða, en

faðir ákærða, Jóhannes Sigurðsson, umsjónarmaður Bergiðjunnar, hafði áður haft þau með höndum. Fól Jóhannes ákærða í sívaxandi mæli að sjá um daglegar fjárreiður fyrirtækisins, sölu framleiðslunnar, bókhald þess og mánaðarlegar skilagreinar til skrifstofu ríkisspítalanna.

Ákærði kveður fjárdrátt sinn hafa byrjað í maí 1978. Hafi hann þá dregið sér um gkr. 20.000 af staðgreiðslusölu fyrirtækisins og eytt peningunum í eigin þágu. Kveðst ákærði hafa staðreynt þessa upphæð um mánaðamótin maí—júní, er hann átti að standa skrifstofu ríkisspítalanna skil á söluandvirði maímánaðar, með því að bera saman afrit staðgreiðslusölu fyrir mánuðinn og það, sem var í sjóði. Kveðst ákærði hafa endurgreitt þá upphæð, sem hann dró sér í maí, um mánaðamótin maí—júní.

Í júní kveðst ákærði hafa dregið sér um gkr. 60.000 og hafi hann endurgreitt þá upphæð um mánaðamótin júní—júlí. Í júlí kveðst ákærði hafa dregið sér fé að upphæð um gkr. 400.000. Er kom að uppgjöri um mánaðamótin júlí—ágúst og er ákærði sá, að hann gat ekki staðið í skilum, þá kveðst hann hafa tekið það til bragðs að rífa öll afrit úr nótnabókinni yfir staðgreidda vöru. Jafnframt tók hann öll fylgiskjöl með nefndum afritum, og kveðst hann síðan hafa sett bæði fylgiskjöl og nótnaafritin í umslag, merkt skrifstofu ríkisspítalanna, og sagt föður sínum, að hann ætlaði að fara með uppgjörið á skrifstofu ríkisspítalanna, en síðan kveðst hann hafa rifið umslagið ásamt innihaldinu og hent því í ruslapoka í vinnusal Bergiðjunnar. Í ágúst kveðst ákærði hafa dregið sér um gkr. 182.300 eða því sem næst. Kveðst hann hafa tekið öll greiðsluafrit og fylgiskjöl vegna sölu í mánuðinum, sett í umslag og falið inni í tréskáp á skrifstofu sinni. Ákærði telur, að í kringum 10. ágúst hafi verið hringt frá skrifstofu ríkisspítalanna og spurst fyrir um uppgjörið, en faðir ákærða hafi orðið fyrir svörum og spurt ákærða um uppgjörið og hafi ákærði þá sagt föður sínum, að hann væri þegar búinn að skila uppgjörinu á skrifstofu ríkisspítalanna, en það væri sennilega ekki komið til þess aðilja, sem hringdi. Kveður ákærði svör sín hafa verið tekin góð og gild í það skiptið. Eftir þetta kveðst ákærði hafa mætt hvern dag til þess að geta svarað í símann fyrirspurnum, sem kynnu að koma varðandi uppgjörið, og hafi hann svarað því til a. m. k. einu sinni, að Jóhannes vissi allt um uppgjörið, en hann væri ekki við. Hafi skrifstofa ríkisspítalanna þá fljótlega farið að spyrja um Jóhannes, en ákærði jafnan logið því, að Jóhannes væri ekki við.

Í september kveðst ákærði hafa dregið sér milli gkr. 350—390.000. Í október milli gkr. 250—300.000 og í nóvember um gkr. 325.000. Kveðst ákærði hafa haldið til haga öllum greiðslukvittunum og fylgiskjölum yfir þessa mánuði, en falið skjölin inni í skáp á skrifstofu sinni í stað þess að skila skjölunum á skrifstofu ríkisspítalanna.

Ákærði kveðst hafa leiðst út í fjárdrátt vegna þess, að hann hafi verið mjög skuldum vafinn frá þeim tíma, er hann var við nám, auk þess sem mikið hafi verið tekið af launum hans upp í opinber gjöld. Ákærði kveðst alltaf hafa verið frekar eyðslusamur og þurft mikla peninga. Kveður ákærði fjárdrátt sinn hafa byrjað þannig, að hann hafi tekið peninga þá, sem hann dró sér, til láns til skamms tíma, en hann hafi fljótlega misst fjármál sín úr úr höndunum og ekki getað staðið í skilum, er kom að uppgjóri um hver mánaðamót.

Vitnið Jóhannes Sigurðsson, faðir ákærða, telur, að það hafi verið í október 1978, að Þórdís Aðalbjörnsdóttir, aðalbókari ríkisspítalanna, hafi nefnt það við sig, að einhverjar skilagreinar vantaði varðandi mánaðarlegt uppgjör á fjárreiðum Bergiðjunnar. Kveðst vitnið hafa spurt ákærða og sennilega starfsmenn, hvort skilagrein hefði ekki verið send, og hafi hann fengið jákvætt svar og látið það gott heita og talið, að uppgjör Bergiðjunnar væri einhvers staðar í kerfinu. Vitnið segir, að aðalbókarinn hafi enn ítrekað nokkru síðar, að skilagreinar vantaði, en þar sem hann hafi séð afritin af skilagreinunum í möppu í Bergiðjunni, hafi hann álitnið ásamt aðalbókarinum, að frumritin hefðu lent eitthvað annað, en kæmu síðar fram í kerfinu.

Vitnið Þórdís Aðalbjörnsdóttir, aðalbókari skrifstofu ríkisspítalanna, segir, að hún hafi orðið vör við, að eitthvað væri athugavert við færslur á nótum Bergiðjunnar í júní 1978. Kveðst hún hafa haft samband, sennilega við Jóhannes, vegna þessa og í framhaldi af því hafi ákærði komið til sín á skrifstofuna og þau reynt að lagfæra bókhaldið. Kveðst vitnið hafa haft samband við Jóhannes af og til út af skilagreinunum og hafi það verið sameiginlegt álit þeirra, að bókhald Bergiðjunnar væri ekki nógu gott.

Ríkisendurskoðun hefur unnið 2 yfirlit yfir bókhald og fjárreiður Bergiðjunnar, sbr. dómskjöl nr. 20 og 32. Samkvæmt yfirliti á dómskjali nr. 32 er sjóðsvöntun talin nema gkr. 1.044.810. Vitnið Ari Hálfðánarson, viðskiptafræðingur hjá ríkisendurskoðun, sem vann að framangreindum úttektum, telur ekki unnt

að upplýsa misræmið milli þeirrar fjárhæðar, sem ákærði kveðst hafa dregið sér og stuðst er við í ákæru, og þeirrar sjóðsvöntunar, sem unnt er að staðreyna á grundvelli þeirra bókhaldsgagna, sem bjargað var úr brunarústum Bergiðjunnar. Af þeirri fjárhæð, sem ákærði kveðst hafa dregið sér, hefur hann endurgreitt gkr. 1.124.810.

## II. Brenna.

Aðfaranótt laugardagsins 2. desember 1978, kl. 0212, fór brunaboði Bergiðjunnar í gang á slökkvistöðinni í Reykjavík, og skv. skýrslu slökkviliðsins var allt tiltækt lið slökkviliðsins sent á vettvang. Fyrsta sökkviliðsbifreiðin er komin á vettvang kl. 0216, og var þá mikill eldur laus í Bergiðjunni, og stóð hann út um glugga bæði á norður- og suðurhlið, og einnig logaði upp úr þakinu. Slökkvistarfi lauk ekki fyrr en 0330, og hlaust talsvert tjón af brunanum.

Í skýrslu vitnisins Rudólfs Axelssonar, varðstjóra í lögreglunni í Reykjavík, segir:

„Tilkynning barst frá slökkvistöðinni, á Fjarskiptamiðstöð Lögreglunnar, að brunaboði, tengdur Kleppspítala, hefði gefið viðvörunarhljóð. Lögreglubifreið nr. 28, sem í voru lögreglum. nr. 61 og 137, var nærstödd, og komu þeir fyrst á staðinn. Umrædd bygging er einnar hæðar verkstæðisbygging, staðsett austan við aðalspítalann og afmarkast af nyrsta hluta hans. Þá lagði mikinn reyk frá Bergiðju, og umlukti reykurinn spítalann, þar sem nokkuð austan stæður vindur var. Einnig var talsvert neystaflug, sem einnig kom á norðurálmu spítalans. Þar sem þarna virtist vera um stórhættu að ræða, var allt slökkviliðið tilkvatt, og vann það þarna af mikilli röggsemi, með slökkviliðsstjóra í broddi fylkingar. Einnig kom á staðinn allt tiltækt lögreglu-lið auk Bjarka Elíassonar, yfirlögregluþjóns, Magnúsar Einarssonar, aðst.yfirlögregluþjóns, og Páls Eiríkssonar, aðst.yfirlögregluþjóns. Einnig voru tilkvaddir á staðinn, frá Rannsóknarlögreglu ríkisins, Eggert Bjarnason og Haraldur Árnason.

Er slökkviliðið kom á staðinn, var sýnilega mikill eldur laus, og átti hann upptök sín í skrifstofu, sem var staðsett nokkuð austarlega við norðurgافل hússins. Nokkuð erfiðlega gekk að ráða niðurlögum eldsins, þar sem þarna var mikill eldsmatur fyrir hendi, því veggir hússins voru innréttaðir með spónaplötum og einangraðir með svonefndu einangrunarplasti. Loft voru einangruð með svonefndu heraklit efni, sem er mjög eldtefjandi efni, en eldurinn komst í bitana fyrir ofan, sem voru úr timbri,

og hélt áfram eftir þeim. Kl. 03,30 tókst loks að ráða niðurlög-um eldsins, en þá var sýnt, að tjón hafði orðið mikið af völdum elds og reyks.

Fljótlega eftir að við lögreglumenn komum á staðinn, veittum við því athygli, að glerið í einum glugganum, á austurgafli hússins, við hornið norðan megin, var brotið, og tveir blóðblettir voru á veggnum skammt neðan við gluggann. Nokkuð af glerbrotum lá úti fyrir neðan gluggann, en stærri glerbrotahrúga lá fyrir innan. Tvöfalt gler hafði verið í glugganum. Við bentum fyrrnefndum rannsóknarlögreglumönnum á þetta, og gerðu þeir viðeigandi ráðstafanir.“

Í skýrslu vitnisins Eggerts N. Bjarnasonar rannsóknarlögreglumanns, er kom á vettvang, skömmu eftir að eldsins varð vart, segir:

„Af völdum eldsins hafa orðið miklar skemmdir á húsinu. Mestur virðist eldurinn hafa orðið í skrifstofuherberginu, og var þar allt brunnið, sem brunnið gat. Þá virtist eldur hafa farið um mestallt þak byggingarinnar og loft dottið niður. Ekki virtist eldur hafa logað niður vegg eða á gólfi utan skrifstofuherbergisins og andyrisins þar fyrir framan. Er RLR kom á staðinn, logaði eldur upp úr þaki byggingarinnar ofan við skrifstofuherbergið og mikill eldur út um glugga þess.

Á norðurgafli hússins við norðvesturhornið var brotin rúða í glugga. Á húsveggnum neðan við gluggann, sem er í um axlarhæð, var spark, eins og einhver hafi sparkað í vegginn við að komast inn um gluggann. Þar voru einnig blóðblettir, svo viðkomandi hefur sennilega skaðað sig eitthvað. Ekki var rúðan alveg brotin úr glugganum, en það mikið þó, að maður hefur getað komist þar inn. Ekki hefur viðkomandi þurft að fara sömu leið út aftur, heldur getað notað útidyr, sem hægt var að opna innanfrá. Í skrifstofuherberginu var hitaskynjari í lofti, sem átti að gera viðvart, ef hiti færi yfir 50 gráður í herberginu. Þessi hitaskynjari mun hafa gert vart við eldinn, svo vart hefur verið búið að loga lengi þá. Starfsmenn sjúkrahússins, sem fyrstir komu á staðinn, strax eftir að skynjarinn hafði gert aðvart, sögðu, að þá hefði verið mjög mikill eldur í skrifstofuherberginu.

Aðalverkstjórinn í Bergiðjunni skýrði frá því, að hann hefði síðastur manna gengið um vinnustofurnar í gærkvöldi. Þá mundi hann sérstaklega eftir því, að hann hafði gengið frá ca. 24 lítra brúsa við enda vinnuborðsins í vinnusalnum í norðvesturhorn-

inu. Í brúsanum var hreinsiefni (acetón) mjög eldfimt. Taldi verkstjórinn, að brúsinn hefði verið hátt í fullur og lok hefði verið á honum. Eftir brunann fannst brúsi þessi opinn og nær tómur í búningsklefanum. Verkstjórinn sagði einnig, að dyrnar inn í skrifstofuna hefðu verið læstar. Eftir brunann lá hurð inn á gólfi skrifstofunnar og lásinn á. Ekki var þó hægt að sjá, hvort dyrnar hefðu verið brotnar upp, því hurðin var töluvert brunnin og dyrabúnaðurinn mikið.“

Síðar segir í skýrslu vitnisins:

„Nokkuð augljóst virðist vera, að brotist hefur verið inn í hús-  
ið og viðkomandi við það eitthvað skaðast. Ætla má einnig, að  
viljandi hafi verið kveikt í húsinu, og bendir tæming og tilfærsla  
hreinsiefnisbrúsans til þess.“

Föstudagskvöldið 1. desember 1978, um kl. 2030, kemur ákærði  
í heimsókn til Hagerup Ísaksen, Hlaðbrekku 5 í Kópavogi, og  
er þar við drykkju ásamt Hagerup og konu hans, foreldrum sín-  
um og fleira fólki. Er líða tók á kvöldið, hafði ákærði samband  
við kunningja sinn Halldór Zoëga, Æsufelli 4 í Reykjavík, og  
boðaði komu sína. Upp úr miðnætti yfirgefur ákærði síðan sam-  
kvæmið án þess að láta aðra vita af því. Kveðst ákærði hafa  
sest undir stýri á bifreið sinni, Þ 589, og ekið upp í Æsufell 4,  
en er þangað kom, kveðst hann hafa hætt við að heimsækja  
Halldór, en ekið þess í stað niður í miðbæ, um hafnarsvæðið og  
aðalgötur miðbæjarins. Kveðst ákærði hafa haft með sér í bíln-  
um líters flösku af kók, blandaða spíra, vatni og kók, og hafi  
hann drukkið úr flöskunni undir akstrinum og hafi hann verið  
talsvert ölvaður.

Ákærði kveðst hafa verið að hugsa um það undir akstrinum,  
hvernig hann gæti losað sig út úr þeim fjárhagslegu ógöngum,  
sem hann var búinn að flækja sig í, og hafi hann ekki séð neina  
aðra lausn á þeim málum en að brenna bókhaldið hjá Bergiðj-  
unni. Kveðst ákærði þá hafa tekið ákvörðun um að framkvæma  
brunann í beinu framhaldi af þessum hugleiðingum sínum.  
Kveðst hann síðan hafa ekið inn að Sundahöfn og lagt bílnum  
austan við hafnarsvæðið. Er hér var komið, kveðst ákærði hafa  
verið búinn að tæma líters flösku þá, er hann hafði verið að  
drekka undir akstrinum, og hafi hann verið orðinn mjög ölvað-  
ur. Kveðst ákærði hafa gengið með sjónum og komið að Bergið-  
junni sjávarmegin og hafi hann brotið rúðu með grjóti í stærri  
vinnusal Bergiðjunnar, sbr. ljósmynd nr. 4 í dómskjali nr. 29,  
sbr. og afstöðumyndir á dómskjali nr. 28, kvarði 1:100. Kveðst

ákærði hafa skorið sig á hendi við rúðubrotið. Síðan kveðst ákærði hafa farið inn um gluggann á vinnusal, merktum H, sbr. dómskjal nr. 28, og gengið þaðan að skrifstofuherbergi, merktu F, brotið rúðu í hurð skrifstofunnar, tekið síðan 25 lítra acetónbrúsa, sem stóð í vinnusalnum, farið með brúsann inn á skrifstofu og hellt úr honum yfir skáp, sem hafði að geyma bókhald Bergiðjunnar, skvett síðan á skrifborðið, stóla, gólf og síðan ganginn fyrir framan skrifstofuna. Kveðst ákærði halda, að um 22 lítrar af acetón hafi verið í brúsanum, en brúsann skildi hann síðan eftir inni í fatageymslu, sbr. afstöðumynd, sbr. dómskjal nr. 28, kvarði 1:100.

Að þessu loknu kveðst ákærði hafa kveikt á eldspýtu og hent henni í stól, er stóð beint undir hitaskynjara, er tengdur var við slökkvistöðina í Reykjavík. Kveður ákærði mikinn eld hafa gosið upp og hafi hann hlaupið út sömu leið og hann kom, til baka eftir fjörunni að bíl sínum og hafi hann síðan ekið upp í Breiðholt, þar sem hann lagði bíl sínum við Æsufell 4 í þeim tilgangi að útvega sér fjarvistarsönnun. Kveðst ákærði síðan hafa tekið leigubifreið heim til sín, og er heim kom, tilkynntu bræður hans honum, að kviknað væri í Bergiðjunni, og hafi hann þá farið með Björgvin bróður sínum á vettvang. Ákærði kveðst hafa farið aftur á vettvang daginn eftir brunann til að kanna, hvort öll afrit og fylgiskjöl varðandi fjárdráttinn hefðu brunnið, og hafi hann þá fundið umslagið með téðum afritum og fylgiskjöllum, og kveðst hann hafa afhent Tómasi Helgasyni gögnin, er hann játaði fjárdráttinn. Ákærði kveður það aldrei hafa verið ásetning sinn að valda jafnmiklu tjóni og raun varð á, ásetningur hans hafi aðeins náð til að brenna bókhald Bergiðjunnar og afmá þannig öll sönnunargögn um fjárdrátt sinn. Hafi hann því kveikt í stólnum beint undir hitaskynjaranum, því hann vissi, að hitaskynjarinn var tengdur við slökkvistöðina, og kveðst hann hafa gert ráð fyrir, að slökkviliðið mundi koma fljótlega á vettvang.

Vitnið Hagerup Isaksen, Hlaðbrekku 5, Kópavogi, kveður ákærða hafa komið í heimsókn til sín föstudagskvöldið 1. desember 1978 milli kl. 0830—0900. Jafnframt hafi komið í heimsókn foreldrar ákærða og fleiri kunningjar. Í skýrslu fyrir rannsóknarlögreglu upplýsir vitnið, að það og ákærði hafi drukkið saman þrjáfjórðu úr seneverflösku aðfarakvöld brunans í Bergiðjunni. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við það, þegar ákærði yfirgaf samkvæmið.

Vitnið Halldór Zöega, Æsufelli 4, skýrði frá því hjá rannsóknarlögreglu 21. desember 1978, að ákærði hefði hringt til sín milli kl. 2300—2400 aðfarakvöld 2. desember og boðað komu sína. Virtist vitninu ákærði vera undir áhrifum áfengis. Vitnið kveðst hafa vakað eftir ákærða til kl. 0100 um nóttina, en ákærði hefði hvorki látið sjá sig né heyra í sér aftur og hefði vitnið farið að sofa.

Vitnið Björgvin Hólm Jóhannesson, bróðir ákærða, kveðst hafa komið heim til sín um kl. 0400 nóttina, sem Bergiðjan brann, og hafi ákærði komið heim skömmu á eftir sér, og var hann nokkuð ölvaður að mati vitnisins, en vitnið kveðst sjálft hafa verið mikið ölvað. Hafi þeim þá verið tilkynnt, að kviknað væri í Bergiðjunni, og hafi þeir farið saman á vettvang. Ekki kveðst vitnið hafa tekið eftir því, hvort ákærði hafi verið særður á hendi umrædda nótt.

Samkvæmt niðurstöðu blóðsýnis, sem tekið var á vettvangi nóttina, sem Bergiðjan brann, þá mælir ekkert gegn því, að blóðsýnið sé komið frá ákærða, eins og segir í skýrslunni.

Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands þá var aust-norð-austan átt, 5—6 vindstig og rigning kl. 0300 2. desember 1978 í Reykjavík.

Dómari og aðiljar málsins fóru á vettvang og kynntu sér alla staðhætti 7. apríl sl. 13. apríl voru síðan dómkvaddir matsmennirnir Hákon Ólafsson, verkfræðingur hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins að Keldnaholti, og Gunnar Sigurðsson, aðstoðarslökkvistjóri í Reykjavík. Í skýrslu þeirra segir:

„Vettvangsskoðun.

Fimmtudaginn 30. apríl og fimmtudaginn 7. maí s.l. kynntu matsmenn sér aðstæður í Bergiðjunni og svæðinu í kring og skoðuðu nærliggjandi byggingar. Varðandi herbergjaskipan í Bergiðjunni og innbyrðis afstöðu húsa á svæðinu vísast í meðfylgjandi dómsskjöl nr. 21.1 og nr. 47, en matsmenn sannreynðu þau atriði, er mikilvæg þóttu fyrir matið. M. a. nutu þeir aðstoðar Baldurs Skarphéðinssonar, sem vann við byggingu hússins, við að rjúfa loftklæðningu til að kanna, hversu hátt steyptir brunavarnarveggir í vesturálmu náðu. Starfsmenn Bergiðjunnar gáfu og góðfúslega upplýsingar um þau atriði, sem matsmenn óskuðu eftir. Við skoðun á neðri hæð húss E (sbr. dómsskjal nr. 47) nutu matsmenn leiðsagnar eftirlitsmanns á viðkomandi deild.

Álitsgjörð.

Í samræmi við þær upplýsingar, sem fram komu við vettvangs-

skoðun og m. t. t. þeirra gagna, sem fyrir liggja í málinu og matsmönnum voru send, hafa matsmenn tekið mið af eftirfarandi megin þáttum við mat sitt:

a) Útveggir Bergiðjunnar eru steyptir. Svæði það, sem brann, takmarkast til beggja enda af steyptum brunavarnarveggjum. Veggur sá, er skilur vinnuskála og kyndistöð, er heill og nær upp fyrir þak kyndistöðvar, sem er steypt. Í vesturenda skálans eru tveir steyptir veggir sitt hvoru megin við bifreiðageymslu, en þeir rjúfa einangrun þaksins og ná þétt upp að borðaklæðningu þess. Bárújárn er neglt á þakið. Í þessum veggjum eru dyr, tvær í öðrum og ein í hinum. Á steyptu gólfi austan bifreiðageymslu eru gólfduks- eða korkflísar, en í bifreiðageymslu og vestar er gólf málað.

b) Þak Bergiðjunnar mun hafa verið bárújárnsklætt timburþak, einangrað með svonefndum heraklitplötum og gosull. Burðarbitar voru úr timbri.

c) Magn brennanlegra efna í húsinu var nokkuð. Má þar einkum nefna léttu skilveggi, klæðningu og einangrun í útveggjum, sem mun hafa verið polystyrene plast, laus búnaður, burðarbitar í þaki og klæðning ofan einangrunar.

d) Önnur hús í nágrenni Bergiðjunnar eru öll með steyptum útveggjum, flest með bárújárnsklæddum þökum, en þak kyndistöðvar var steypt. Hús merkt E, sem næst stendur Bergiðjunni (19 m frá v-gafla og u. þ. b. 25 m frá vestari brunavarnarvegg við bifreiðageymslu) og vindur stóð á umrædda nótt, er með steyptum þakrennum. Í langvegg eru tvær gluggaraðir, 12 gluggar í hvorri röð. Hver gluggi er undir 1 x 2 m að stærð, með fjórum rúðum. Aðeins önnur efri rúðan í hverjum glugga er opnanleg og mun venjulega vera opin, en hún er u. þ. b. 20 x 40 cm að stærð, þessar rúður eru með lamir að ofanverðu.

e) Í herbergjum húss E, sem snúa að Bergiðjunni, eru steyptir skilveggir og lítið um brennanleg efni, nær eingöngu gluggatjöld og rúmföt. Í setustofu eru þó aðrir lausir innanstokksmunic og teppi.

f) M. t. t. þess kveikilögs, sem notaður var, þ. e. a. s. acetón, verður að telja, að hætta á sprengingu við íkveikju hafi verið veruleg. Við slíka sprengingu kann þak að hafa rofnað og rúður sprungið.

Niðurstöður.

1. Matsmenn telja, að ekki hafi verið hætta á útbreiðslu elds til nærliggjandi eigna. Byggingarlag, byggingarefni og fjar-

lægð hafi veitt fullnægjandi öryggi í viðkomandi tilviki. Starfsmaður, sem staddur var í kyndistöð, þegar eldur braust út, mun því ekki hafa verið í hættu fremur en fólk í öðrum byggingum. Vegna þeirrar starfsemi, sem fram fer í húsi E, mun mikill reykur geta hafa valdið óróleika vistmanna.

2. Þótt Bergiðjan hefði náð að verða alelda, telja matsmenn, að brunavarnarveggir í báðum endum hefðu hindrað útbreiðslu eldsins. Brennanleg gólfefni eða borðaklæðning í þaki milli gosullar og bárujárns hefðu ekki getað orsakað frekari útbreiðslu, þannig að öðrum mannvirkjum á Kleppi og íbúum þeirra hefði stafað hættu af. Fjarlægð hafi einnig verið það mikil, að íkveikjuhætta af foki í þessu tilviki hafði ekki verið fyrir hendi.
3. Matsmönnum er ekki fullkomlega ljóst, hvað átt er við með 3. lið í matsbeiðni. Þeir taka þó fram, að ef húsagerðir eru öðru vísi (t. d. timburhús) og brunavarnir ófullnægjandi, geti almennt verið hættu á útbreiðslu elds til nálæggra húsa við hliðstæðar aðstæður, þ. e. a. s. mikinn vind og álíka fjarlægðir milli húsa.“

Að beiðni rannsóknarlögreglustjóra ríkisins sömdu Ásmundur Jóhannsson, starfsmaður eldvarnareftirlits Reykjavíkurborgar, og Guðmundur Haraldsson, starfsmaður Brunamálastofnunar ríkisins, skýrslu um hættu þá, sem gat stafað af bruna Bergiðjunnar, með tilliti til staðhátta og aðstæðna, eins og segir í bréfi rannsóknarlögreglu ríkisins, dags. 12. júlí 1979. Í skýrslu þeirri segir m. a.:

„Húsið var skoðað með tilliti til öryggis gegn eldi.

*Lager.* Þar er ca 250 l. af eldfimum vökvum (flash point belon 32°C) eldfimir vökvar.

*Steypusalur.* Þar eru eldvarnir eitt 12 kg. dufttæki.

*Vinnusalur.* Þar eru eldvarnir 20 m 3/4" brunaslanga.

Fjarlægð frá Bergiðjunni að sjúkrahúsinu er ca. 18 metrar, þó eru timburskúrar þar á milli byggðir yfir úrgang, en bil á milli húsanna fullnægir kröfum um brunavarnir.

Sjálfvirkt aðvörunkerfi er í húsinu.

Við skoðun kom í ljós, að engin ákvæði eru brotin, er varða reglugerð um brunavarnir og brunamál frá 8. júní '78. Þó væri æskilegt, að eldfimir vökvar, sem á lager eru, verði geymdir utanhúss í eldtraustri geymslu.

Sambrunahætta ætti ekki að vera, þar sem eldvarnarveggur

er á milli Bergiðjunnar og kyndistöðvar, og fjarlægð yfir í sjúkrahúsið stenst vel reglugerðarákvæði um brunavarnir.“

Vitnið Ásmundur Jóhannsson lýsti því yfir fyrir dómi, að hann teldi hættu á útbreiðslu elds út frá geislun hverfandi litla, en sambrunahætta út frá neistaflugi hafi verið hugsanleg, en ólíkleg.

Vitnið Guðmundur Haraldsson taldi fyrir dómi, að Kleppsspítalanum hefði ekki stafað hætta af brunanum í Bergiðjunni.

Framburður vitnisins Eggerts N. Bjarnasonar rannsóknarlög-reglumanns fyrir dómi er samhljóða framburði Guðmundar Haraldssonar.

Vitnið Rúnar Bjarnason slökkviliðsstjóri taldi fyrir dómi, að eldur hefði hugsanlega getað borist út frá Bergiðjunni og yfir í Kleppsspítalan, en hann taldi þó líkur á útbreiðslu elds við þessar kringumstæður óverulegar vegna fjarlægðar Bergiðjunnar frá Kleppi, byggingarmáta spítalans svo og þess tryggilega viðvörunarkerfis, sem er í byggingum á svæðinu. Taldi vitnið, að almannahætta hefði tæpast skapast umrædda nótt. Vitnið telur, að tjón hafi orðið mikið við eldsvoðann, mun meira en kemur fram í skýrslu slökkviliðsins.

Heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið hefur fallið frá skaðabótakröfu í málinu á hendur ákærða.

### III. Ölvunarakstur.

Um málavexti varðandi þennan ákærulið vísast til málavaxtalýsingar í lið II.

Niðurstaða.

#### I. Fjárdráttur.

Ákærði var fastur starfsmaður ríkisfyrirtækis og fékk greidd laun skv. kjarasamningum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, er hann varð uppvís að fjárdrætti. Hefur hann játað að hafa dregið sér um gkr. 1.667.300 á þeim tíma, er í ákæru greinir, hjá Bergiðjunni, vinnustofu Kleppsspítalans. Samkvæmt niðurstöðu bókhaldsrannsóknar, sem vitnið Ari Hálfðánarson viðskiptafræðingur framkvæmdi f. h. ríkisendurskoðunar, var staðreynt, að sjóðsvöntun skv. framkomnum gögnum á tímabili því, er í ákæru greinir, næmi gkr. 1.044.810. Ákærði hefur játað að hafa rifið og fleygt öllum staðgreiðsluafritum og fylgiskjölum yfir fjárdrátt sinn í júlí, og jafnframt er upplýst í bókhaldsrannsókn ríkis-

endurskoðunar, að fjöldi staðgreiðslunótna hafi vantað í bókhaldið og hafi þær nótur líklegast brunnið.

Ekki verður staðreynt af bókhaldsgögnum þeim, sem tiltæk eru í málinu, hver raunverulegur fjárdráttur ákærða var á tímabilinu maí—nóvember 1978. Þykir því verða að leggja til grundvallar framburð ákærða sjálfs um, að hann hafi dregið sér þá upphæð, er í ákæru greinir, á því tímabili, er þar greinir.

Þykir brot ákærða varða við 1. mgr. 247. gr., sbr. 138. gr. almennta hegningarlaga nr. 19/1940.

## II. Brenna.

Með játningu ákærða sjálfs, sem er í samræmi við framburð vitnanna Hagerup Isaksen, Jóhannesar Sigurðssonar, Halldórs Zöega, Rudólfs Axelssonar og Eggerts N. Bjarnasonar og sem studd er niðurstöðu blóðsýnis og öðru því, er fram er komið í málinu, telst sannað, að ákærði hafi aðfaranótt laugardagsins 2. desember 1978, um kl. 0200, kveikt í Bergiðjunni við Kleppspítalann með því að skvetta eldfimum vökva, acetón, á húsgögn og gólf í skrifstofuherbergi Bergiðjunnar og á gang framan við skrifstofuna og bera síðan eld að í því skyni að eyðileggja bókhaldsgögn Bergiðjunnar og afmá með þeim hætti ummerki fjárdráttar síns, en ákærði hraðaði sér síðan á brott, eftir að eldur varð laus.

Ekki verður fullyrt af gögnum málsins, hvenær ásetningur myndaðist hjá ákærða til að kveikja framangreindan eld, og þykir því verða að leggja til grundvallar framburð ákærða sjálfs um, að ásetningur hafi myndast, eftir að hann yfirgaf samkvæmið hjá Hagerup Isaksen og hann hóf akstur um götur miðbæjarins aðfaranótt brennunnar. Ákærði kveikti eld í eldfimu hreinsiefni, acetón, eftir að hafa skvett u. þ. b. 22 lítrum af hreinsiefninu á skjalaskáp og skrifstofuhúsgögn á vinnustað sínum í því skyni að eyðileggja bókhaldsgögn Bergiðjunnar og afmá þannig ummerki fjárdráttar síns.

Eldur kviknar fyrir ásetningu ákærða, og verður ekki hægt að telja það óhappatilviljun eða gáleysi, að eldurinn breiddist út og tjón varð jafnmikið og raun varð á, heldur hafi hér komið til ásetningur ákærða til að leggja eld í húsið. Telst ákærði hafa fullframið brot sitt, um leið og hann kveikti í hinu eldfima hreinsiefni, svo slökkviráðstafanir þurfti að hafa í frammi. Samkvæmt dómskjali nr. 49 er skemmsta fjarlægð milli Bergiðjunnar og E deildar Kleppspítalans 19 metrar. Í skýrslu matsmanna

kemur fram, að á langvegg deildar E, sbr. dómskjal nr. 47, eru 2 gluggaraðir með 12 gluggum í hvorri röð, og að opnanlegar rúður í hverjum glugga eru u. þ. b. 20 x 40 cm að stærð, og eru þær venjulega hafðar opnar.

Í niðurstöðu matsmanna segir, að þeir telji, að ekki hafi verið hætt á útbreiðslu elds til nærliggjandi eigna. Í 3. tl. niðurstöðu sinnar taka þeir fram, að þeim sé ekki fullkomlega ljóst, hvað sé átt við með 3. lið í matsbeiðni, en taka þó fram, að ef húsagerðir eru öðruvísi (t. d. timburhús) og brunavarnir ófullnægjandi, geti almennt verið hætt á útbreiðslu elds til nálægra húsa við hliðstæðar aðstæður, þ. e. a. s. mikinn vind og álíka fjarlægðir milli húsa.

Vitnið Ásmundur Jóhannsson og Rúnar Bjarnason töldu fyrir dómi, að sambrunahætta milli Bergiðjunnar og Kleppsspítalans nóttina, sem Bergiðjan brann, hafi verið hugsanleg, en fremur ólíkleg.

Samkvæmt framburði vitnisins Tómasar Helgasonar yfirlæknis fyrir rétti, voru u. þ. b. 100 sjúklingar vistaðir á Kleppi nóttina 2. desember 1978.

Sú háttsemi ákærða að kveikja í eldfimum vökva að nætur-lagi inni á skrifstofu fyrirtækisins Bergiðjunnar, sem stendur nálægt þyrpingu húsa, sem í voru vistaðir u. þ. b. 100 sjúklingar auk annars hjúkrunarliðs, við þau veðurskilyrði, sem voru í Reykjavík, er hann framdi brot sitt, hlýtur ætíð að hafa í för með sér almannahættu, þótt hættan sé ekki bráð. Getur dómurinn því ekki komist að annarri niðurstöðu en þeirri, að brot ákærða varði við 1. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

### III. Ölvunarakstur.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, telst sannað, að ákærði hafi ekið bifreiðinni Þ 589 undir áhrifum áfengis, svo sem áður er rakið í ákæru. Er ákæra réttilega færð til refsíákvæða.

Ákærði gekkst undir geðrannsókn við rannsókn málsins. Kom ekkert það fram í fari ákærða, er gæfi ástæðu til að efast um sakhæfi hans. Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1974 9/12 í Kópavogi: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á 244. gr., sbr. 256. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

1976 17/3 í Kópavogi: Sátt, 15.000 kr. sekt fyrir brot gegn

2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mán. frá 17/3 1976.
- 1978 26/7 í Kópavogi: Sátt, 130.000 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 27. gr., 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 21/9 1977.
- 1980 15/2 í Kópavogi: Dómur: 180.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 15/2 1980.

Ákærði hefur unnið til refsingar skv. 1. mgr. 247. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 164. gr. sömu laga. Jafnframt hefur ákærði unnið til refsingar skv. 1. og 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Við ákvörðun refsingar ákærða þykja engin ákvæði 74. gr. og 75. gr. almennra hegningarlaga eiga við til refsilækkunar.

Með hliðsjón af ungum aldri ákærða, er hann framdi brot þau, sem hér er ákært fyrir, þykir rétt að ákveða ákærða refsingu í því lágmarki, sem boðið er í 1. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga, fangelsi í 6 mánuði, en ekki þykir fært að skilorðsbinda refsingu ákærða, sökum þess hve brot hans eru alvarleg.

Jafnframt skal ákærði sviptur rétti til þess að öðlast ökuleyfi ævilangt frá uppkvaðningu dómsins að telja. Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 7.500.00, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Benedikts Blöndal hæstaréttarlögmanns, kr. 7.500.00.

#### Dómsorð:

Ákærði, Bjarni Sigurður Jóhannesson, sæti fangelsi í 6 mánuði. Ákærði er sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 7.500.00, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Benedikts Blöndal hæstaréttarlögmanns, kr. 7.500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.